



Borgarráð

Reykjavík, 15. apríl 2026

MSS22060043

EBH

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarstjórnar frá 14. apríl 2026 varðandi eftirfarandi mál:

Afgreiðslubréf – Tilnefning áheyrnarfulltrúa í borgarráð

Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarfulltrúanna Kjartans Magnússonar og Mörtu Guðjónsdóttur (óháðra) um tilnefningu áheyrnarfulltrúa í borgarráð:

Við undirritaðir borgarfulltrúar höfum stofnað borgarstjórnarflokk óháðra og munum starfa innan hans út kjörtímabilið í samræmi við tilkynningu okkar til forsætisnefndar 9. mars 2026. Við leggjum því til að borgarstjórn samþykki að við fáum að tilnefna áheyrnarfulltrúa í borgarráð í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.

Tillagan var samþykkt með tíu atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Dóru Bjartar Guðjónsdóttur, borgarfulltrúum Framsóknarflokksins, Einars Þorsteinssonar og Árelíu Eydísar Guðmundsdóttur, borgarfulltrúum Pírata, Alexöndru Briem og Magnúsar Davíð Norðdahl, borgarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands, Sönnu Magdalenu Mörtudóttur og Andreu Helgadóttur, borgarfulltrúa Flokks fólksins, Helgu Þórðardóttur og borgarfulltrúanna Kjartans Magnússonar og Helga Áss Grétarssonar gegn sex atkvæðum borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, borgarfulltrúa Viðreisnar og borgarfulltrúa Vinstri grænna.

Heiða Björg Hilmisdóttir borgarstjóri, borgarfulltrúar Samfylkingarinnar, Sabine Leskopf, Sara Björg Sigurðardóttir, Birkir Ingibjartsson og Ellen Calmon, og borgarfulltrúar Framsóknarflokksins, Magnea Gná Jóhannsdóttir og Aðalsteinn Haukur Sverrisson sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Það tilkynnist hér með að Kjartan Magnússon verði áheyrnarfulltrúi í borgarráði og Marta Guðjónsdóttir verði varaáheyrnarfulltrúi í ráðinu.

Helga Björk Laxdal
e.u.

Afrit:

Kjörnir fulltrúar

Launadeild

Skrifstofa borgarstjórnar

Fjármála- og áhættustýringarsvið

Regluvörður